



Reykjavík, 12. september
2019
R19080109
6202
ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2019 - trúnaðarmál

Á fundi borgarráðs þann 12. september 2019 var lagt fram að nýju bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. ágúst 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 15. ágúst 2018 á trúnaðarmerktum tillögum, að fegrunarviðurkenningum Reykjavíkurborgar fyrir 2019 sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 22. ágúst 2019 og fært í trúnaðarbók.

Það tilkynnist hér með.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun við afgreiðslu málsins:

Flokkur fólksins vill aftur gera athugasemd við liðinn Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2019 vegna sömu atriða og 2018. Enn virðist ekki hægt að veita fegrunarviðurkenningu húsum utan ákveðins miðsvæðishrings. Hvað með hverfi eins og Skerjafjörð, Breiðholtið, Árbæ og Grafarvog? Flokkur fólksins telur mikilvægt að í hvert sinn sem borgin veitir viðurkenningu af hvers lags tagi skuli leitað vítt og breitt en ekki einblína á eitt svæði eða tvö. Á það skal bent að víða í úthverfum borgarinnar er verið að endurgera og endurnýja hús sem hefðu vel getað komið til greina við ákvörðun á fegrunarviðurkenningu borgarinnar. Vel mætti fjölga þessum viðurkenningum þar sem enginn kostnaður felst í því nema að kaupa blómavönd. Að veita svona viðurkenningu er hvatning fyrir fólk og ekki ætti endilega að leggja áherslu á að húsin hafi einhverja sérstaka sögu eða flokkist undir einhvern frægan byggingarstíl. Hugmynd Flokks fólksins sem hér er lögð fram í bókun er að velja mætti eitt hús í hverju hverfi til að veita viðurkenningu

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Sérstaða húsa í miðborg og nærliggjandi hverfum er mikil sökum aldurs. Það er því

ekkert óeðlilegt að mörg þeirra húsa og lóða sem fá viðurkenningar eru staðsett þar. Hins vegar er einnig mikið af fallegum endurbótum í öllum hverfum og er öll Reykjavík til skoðunar þegar nefndin þarf að velja hús og lóðir sem eiga skilið Fegrunarviðurkenningu Reykjavíkurborgar. Það myndi missa marks að binda hendur valnefndar við að þurfa að velja eitt hús í hverju í hverfi og er henni treyst til að gæta jafnræðis og vera fagleg í sínum störfum og velja út frá þeim línnum sem eru lagðar og henni ber að vinna eftir.



Helga Björk Laxdal
e.u.